



# Stefna Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

## Gildi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

### Ábyrgð - Áræði - Árangur

**Ábyrgð:** Að nýta þekkingu og færni með þarfir skjólstæðingsins í fyrirrúmi og í samræmi við siðareglur, lög og reglugerðir.

**Áræði:** Framsækni og forysta í baráttu fyrir öflugri heilbrigðisþjónustu, ásættanlegum kjörum og heilsueflingu.

**Árangur:** Að félagsmenn nái settum markmiðum um fagmennsku, kjör, og samfélagslegt hlutverk.

## Félagið

Félagið er samtök hjúkrunarfræðinga þar sem hjúkrunarfræðingar vinna saman að þróun hjúkrunar, heilbrigðisþjónustu og heilsueflingu.

Félagsmenn eru kjarni starfseminnar og árangur félagsins byggir á virkri þátttöku þeirra.

Félagið er hagsmunasamtök hjúkrunarfræðinga og stendur vörð um réttindi, skyldur og kjör hjúkrunarfræðinga.

## Sýn

Félagið vinnur að árangursríkri og öruggri heilbrigðisþjónustu með eflingu hjúkrunar, hagsmunagæslu á sviði kjara- og réttindamála hjúkrunarfræðinga ásamt því að vinna að aukinni þátttöku þeirra í þróun og stefnumótun á hjúkrunar- og heilbrigðisþjónustu.

Meginstoðir	Markmið	Aðgerðir
Fag	<p>Að hjúkrun sé veitt af fagmennsku og umhyggju með áherslu á gæði og gagnreynda þekkingu.</p> <p>Að hjúkrunarfræðingar viðhaldi þekkingu sinni og færni og taki þátt í þróun þekkingar í hjúkrun.</p>	<ul style="list-style-type: none"><li>efla fagmennsku og samvinnu meðal hjúkrunarfræðinga</li><li>styðja við þekkingarþróun í hjúkrun</li><li>efla menntun og framhaldsnám hjúkrunarfræðinga</li><li>efla símenntun, sérþekkingu og nýsköpun hjúkrunarfræðinga sem nýtist samfélaginu</li><li>taka þátt í faglegu alþjóðastarfi hjúkrunarfræðinga og samtaka hjúkrunarfræðinga</li></ul>
Kjör	<p>Að laun og kjör hjúkrunarfræðinga endurspegli ábyrgð, menntun, hæfni og reynslu.</p> <p>Að hjúkrunarfræðingar sýni samstöðu og séu framsæknir í eigin kjara- og réttindamálum.</p>	<ul style="list-style-type: none"><li>bæta kjör félagsmanna og standa vörð um réttindi þeirra</li><li>veita félagsmönnum fræðslu og ráðgjöf um kjarasamninga, réttindi og skyldur</li><li>hvetja félagsmenn til framsækni og sjálfstæðis í launakröfum</li><li>efla stéttarvitund og samstöðu félagsmanna í kjara- og réttindamálum</li><li>bæta vinnuaðstæður félagsmanna</li></ul>
Samfélag	<p>Að hjúkrunarfræðingar efli heilsu og lífsgæði þjóðarinnar með heildrænni heilsueflingu og heilbrigðisþjónustu sem tekur mið af þörfum skjólstæðinganna.</p> <p>Að heilbrigðisþjónustan sé öflug og árangursrík og veitt af vel menntuðum hjúkrunarfræðingum og nægum mannafla í hjúkrun.</p>	<ul style="list-style-type: none"><li>standa vörð um hagsmuni skjólstæðinga og auka gæði heilbrigðisþjónustu</li><li>efla frumkvæði og auka hlut hjúkrunarfræðinga í stefnumótun og þróun hjúkrunar og heilbrigðisþjónustu</li><li>tryggja næga nýliðun hjúkrunarfræðinga</li><li>taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi samtaka hjúkrunarfræðinga um hjúkrun og heilbrigðisþjónustu</li></ul>

## Fag

### Aðgerðir

Efla fagmennsku og samvinnu meðal hjúkrunarfræðinga

Styðja við þekkingarþróun í hjúkrun

Efla menntun og framhaldsnám hjúkrunarfræðinga

Efla símenntun, sérþekkingu og nýsköpun hjúkrunarfræðinga sem nýtist samfélaginu

Þátttaka í faglegu alþjóðastarfi hjúkrunarfræðinga og samtaka hjúkrunarfræðinga

### Leiðir

- Rannsóknarráðstefna annað hvert ár í samvinnu við hjúkrunarfræðideildir HA og HÍ og viðkomandi heilbrigðisstofnanir
- Samstarf fagsviðs og fagdeilda varðandi fagleg málefni
- Hjúkrunarþing annað hvert ár
- Hátíðardagskrá í tilefni alþjóðdags hjúkrunarfræðinga, 12. maí

• Vísindasjóður B- hluti. Styrkir til rannsókna og fræðiskrifa hjúkrunarfræðinga

- Vinna að auknu framboði á viðbótar- og framhaldsnámi fyrir hjúkrunarfræðinga í samstarfi við fagdeildir og menntastofnanir
- Menntanefnd Fíh og hjúkrunarfræðideilda HA og HÍ

- Námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga í samvinnu við hjúkrunarfræðinga annars vegar og hins vegar á vegum félagsins
- Starfsmenntunarsjóður Fíh

- Þátttaka í starfshópum á vegum norræns samstarfs hjúkrunarfræðinga (SSN), um fagleg málefni og heilbrigðisþjónustu landanna
- Þátttaka í starfi Evrópusamtaka hjúkrunarfélaganna (EFN) sem er ráðgefandi vettvangur hjúkrunarfræðinga gagnvart stefnu Evrópusambandinu (ESB) um málefni hjúkrunar og hjúkrunarfræðinga
- Stuðningur við þátttöku fagdeilda í norrænum og alþjóðlegum samtökum

## Kjör

### Aðgerðir

Bæta kjör félagsmanna og standa vörð um réttindi þeirra

Veita félagsmönnum fræðslu og ráðgjöf um kjarasamninga, réttindi og skyldur

Hvetja félagsmenn til framsækni og sjálfstæðis í launakröfum

Efla stéttarvitund og samstöðu félagsmanna í kjara- og réttindamálum

Bæta vinnuaðstæður félagsmanna

### Leiðir

- Gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn
- Fylgjast með launaþróun opinberra starfsmanna í samanburði við launaþróun hjúkrunarfræðinga
- Gerð kjarakannanna
- Þátttaka í ákvörðunum varðandi málefni lífeyrissjóða hjúkrunarfræðinga
- Þátttaka í samráðshópi Alþjóðaráðs hjúkrunarfræðinga (ICN) um kjaramál

- Móttaka erinda hjúkrunarfræðinga og úrlausn mála þeirra tengdum kjara- og réttindamálum
- Samstarf við lögmann vegna kjara- og réttindamála t.d. vegna ólögmetra uppsagna, starfslokasamninga og kjarasamningsbrota
- Réttindagátt og Spurningar og svör uppfærð reglulega

• Námskeið

- Efla trúnaðarmenn Fíh með námskeiðum og þjálfun
- Félagið haldi kjararþing þar sem rædd eru kjara- og réttindamál hjúkrunarfræðinga

- Þátttaka í umræðu og ákvarðanatöku um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins
- Samvinna við stofnanir til að bæta vinnuaðstæður og umhverfi

## Samfélag

### Aðgerðir

Standa vörð um hagsmuni skjólstæðinga og auka gæði heilbrigðisþjónustu

Efla frumkvæði og auka hlut hjúkrunarfræðinga í stefnumótun og þróun hjúkrunar og heilbrigðisþjónustu

Tryggja næga nýliðun hjúkrunarfræðinga

Taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi samtaka hjúkrunarfræðinga um hjúkrun og heilbrigðisþjónustu

### Leiðir

- Fylgjast með og tilkynna til Embættis landlæknis ef brotið er á skjólstæðingum
- Styðja við rannsóknir á gæðum hjúkrunar og heilbrigðisþjónustu

- Samvinna fagsviðs og einstaka fagdeilda um eflingu hjúkrunar á því sviði
- Benda á og tilnefna á hjúkrunarfræðinga í nefndir og ráð á vegum hins opinbera sem fjalla um stefnumótun í hjúkrun og heilbrigðisþjónustu
- Veita umsagnir um frumvörp og þingsályktanir er varða heilbrigðisþjónustu

- Kynna hjúkrun fyrir grunn- og framhaldsskólanemendum
- Vinna að fjölgun karlmanna í hjúkrun
- Samstarf við hjúkrunarfræðideildir í HA og HÍ varðandi fjölda nemenda

- Virk þátttaka í Samvinnu hjúkrunarfræðinga á norðurlöndum (SSN) sem er samvinna fag- og stéttarfélag hjúkrunarfræðinga á norðurlöndum með það að markmiði að hafa frumkvæði í málum sem hafa áhrif á hjúkrun og hjúkrunarfræðinga á norðurlöndum
- Virk þátttaka í Evrópusamtökum hjúkrunarfélaganna (EFN) þar sem með aðild sinni þar gefst Fíh möguleiki á að fylgjast með og hafa áhrif á stefnu ESB um hjúkrunarmál í framtíðinni, en stefna ESB hefur bein áhrif á Ísland vegna EES samninga
- Virk þátttaka í Alþjóðaráði hjúkrunarfræðinga (ICN) sem eru samtök hjúkrunarfélaganna í rúmlega 120 löndum og eru ein víðfeðmustu samtök heilbrigðisstétta í heiminum, stofnuð 1899. Markmið ICN er að tryggja góða hjúkrun fyrir alla, vinna að skýrri stefnumótun í heilbrigðismálum um heim allan, framförum í hjúkrunarþekkingu og auka virði hjúkrunar um víða veröld